

*Tollflokkun á farþegaferju

Úrskurður nr. 5/2000.

Ágreiningur var um tollflokkun á farþegaferju. Kærandi gerir kröfu um að skipið verði tollflokkað sem ferja. Tollstjóri fellst ekki á það og flokkar skipið sem farþegaferju. Ríkistollanefnd staðfesti álit tollstjóra í málinu.

Lög nr. 55/1987 100.gr.og 101.gr.

Með bréfi, dags. 16. maí árið 2000, sem barst nefndinni þann 16. júní s.á., kærir A, fyrir hönd L ehf. úrskurð tollstjóra dags 17. apríl s.l., varðandi innflutning á farþegaferju sem flutt var til landsins frá Svíþjóð í maimánuði 1999. Aðallega er þess krafist að úrskurði tollstjóra verði hrundið og skipið flokkað í tnr. 8901-1001, þar sem úrskurðarfrestur skv. 100. gr. tollalaga var löngu liðinn er úrskurður var upp kveðinn. Til vara er þess krafist að farþegaferjan verði flokkuð í tollflokk nr. 8901-1001 við innflutning til landsins svo sem kærandi færði hana á tollskýrslu við gerð hennar.

Í kærinni segir m.a. að kærandi hafi flutt þann 28. maí 1999 til landsins farþegaferju frá Svíþjóð. Skipið er smíðað í Rússlandi árið 1992, en flutt ónotað til Svíþjóðar árið 1993 og því breytt þar og fékk það sjóhæfnisvottorð sænsku Siglingamálastofnunarinnar. Vegna aðstæðna sænska eigandans var skipið ekki notað til siglinga í Svíþjóð heldur var það notað sem fljótandi veitingahús. Hér sé skipið notað sem farþegaferja. Skipið er skráð 159 brl. og er 38 m að lengd og um 7 m þar sem það er breiðast. Það er skráð fyrir 120 farþega, en er stöðugleikaprófað fyrir allt að 425 farþega miðað við aðrar innréttingar. Skipið er í áætlunarsiglingum yfir sumarmánuðina. Um borð eru seldar veitingar og farþegar geta siglt aðra leið eða báðar og dvalið á áfangastað milli ferða og jafnvel daga, því miði báðar leiðir gildir í tvo sólarhringa. Síðast liðið sumar flutti skipið um 8.000 farþega og mun hefja áætlunarsiglingar að nýju nú í byrjun júní. Skipið siglir skv. áætlun þrjár ferðir á dag sex daga vikunnar. Þá segir að kærandi hafi gengið frá tollskýrslu þann 16. júní 1999. Taldi hann tollflokkunina vera ljósa miðað við þær upplýsingar sem hann hafði fengið, þ.e. tollnúmer 8901-1001. Tollstjórinn gerði þá breytingu á skýrslunni að telja að flokkunin skyldi vera 8901-1009 og upprunaland Rússland. Þar með var ferjan felld í 10% toll við innflutning og útreiknaður tollur kr. 2.319.466.-, sem var þvert ofan í upplýsingar sem kærandi hafði aflað sér hjá tollyfirvöldum áður en ferjan var flutt til landsins. Með kæru, dags. 16. júlí 1999, er þessi ákvörðun tollstjóra kærð og krafist skriflegs rökstuðnings fyrir kröfunni. Eyðublað undirritað af kæranda, Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru, dags. þann 16. ágúst 1998, var lagt fram með kærinni til tollstjóra en var aldrei svarað sérstaklega. Erindi kæranda var svarað í heild með úrskurði, dags. 17. apríl 2000, þar sem tollstjóri staðfestir fyrri niðurstöðu sína.

Kærandi telur að löngu sé liðinn sá tími er tollyfirvöld höfðu til þess að úrskurða kæru um tollflokkun. Í 100. gr. segir að úrskurða skuli um kæru innan 30 daga frá því hún berst. Það hefur ekki verið gert. Því ber að fella tollflokkun tollstjóra úr gildi og láta upprunalega flokkun, sem byggð var á upplýsingum tollyfirvalda standa, þ.e. tollflokk 8901-1001 og þar með að ekki skuli leggja 10% toll á skipið við innflutning þess. Til vara er þess krafist að tollskýrsla sem kærandi gekk frá þann 16. júní 1999 verði lögð til grundvallar, þar sem skipið var flokkað í tollflokk 8901-1001, sem kærandi telur vera þann flokk sem ferjur skulu falla í og taldi að skipið væri frá upprunalandi í Svíþjóð, þar sem skipið var innflutt þaðan og þar hafði því verið breytt.

Kærandi telur að skipið farþegaferja í venjulegum skilningi þess orðs. Skipið haldi uppi áætlunarsiglingum á L milli E og A, þrjár ferðir á dag allt sumarið. Ferjan tekur farþega á báðum stöðum og flytur á milli staða. Þessi ferðamáti er einu skipulögðu almenningssamgöngurnar milli E og A og verður að öðru leyti einungis farið á milli með einkabílum ef ekki er farið fótgangandi þessa 25 km leið. Því er skipið farþegaferja í venjulegum skilningi þess orðs. Breytir þar engu um þótt farþegar geti virt fyrir sér útsýnið á leiðinni og reynt sé að kalla skipið útsýnisskip eða skemmtibát. Bent er á að ekki er um venjulegan skemmtibát að ræða, því skipið er skráð 159 brl. og er 38. m langt og er ferja í áætlunarsiglingum. Um borð er eldhús og veitingaaðstaða og hefur skipið öll réttindi sem veitingastaður fyrst íslenskra skipa. Í íslensku skráningarskírteini er skipið skilgreint sem "Þiljað farþegaskip" og í haffærisskírteini heitir skipið "Passengership". Með tilliti til annarra ferja hér á landi verður ekki fram hjá því litið að þetta skip er ferja á sama hátt og þau, þótt ekki sigli það á sjó. Má benda á það að farþegum bæði Baldurs og Fagraness stendur opin sú leið að keyra milli áfangastaða ferjanna, þótt þeir geti stytst sér leið með því að nota þær.

Þá er á því byggt, þótt ekki verði lögð fram gögn því til sönnunar, einungis munnlegar upplýsingar, að tollyfirvöld veittu þær upplýsingar áður en ferjan var flutt til landsins að enginn tollur legðist á ferjur við innflutning og í þeirri góðu trú og með skilgreiningu tollflokks 8901-1001, þar sem segir "*ferjur hvers konar*" sem tvímælalaust tekur til L, telur kærandi að flokka beri ferjuna L í tollflokk 8901-1001 og að af innflutningi hennar skuli ekki greiða 10% toll.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að ekki sé ágreiningur um flokkun farsins í vörulið 8901, né heldur í fyrstu undirskiptinguna. Ágreiningurinn snúist um flokkun í íslensku skiptingarnar, annars vegar tnr. 8901-1001 *ferjur hvers konar*, eða tnr. 8901-1009 *önnur*. Íslensku skiptingarnar byggja á skiptingu í orðalagi undirlíðarins en hann hljóðar svo: "skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar." Eins og sést á þessum texta er um tvö efnisatriði að ræða og er þeim skipt með semíkommu. Annars vegar eru för aðallega hönnuð til flutnings á mönnum

og hins vegar ferjur hvers konar. Far það sem hér um ræðir er hannað eins og þeir bátar til skoðunarferða sem sigla um ár og síki í Evrópu eins og á ánum Rín og Mósél og á síkjum, t.d. í Amsterdam. Það er aðallega hannað til flutnings á mönnum. Ferjur eru hannaðar til þess að ferja fólk og farartæki stuttar vegalengdir, t.d. lestarferjur, bílaferjur og litlar árferjur.

Hvað varðar flutningsgrind er flutt var inn með skipinu tekur tollstjóri fram að hún er flokkuð sérstaklega þar sem hún er ekki órjúfanlegur hluti farþegaferjunnar og getur því ekki verið flokkuð með henni í tollflokk. Samkvæmt meginreglu tollskrárinnar skal flokka í tollflokk eftir orðalagi vöruliðar en ekki eftir því hver áætluð not eru fyrir hina tilteknu vöru í framtíðinni. Af gögnum varðandi innflutning á flutningsgrindinni komi fram að hún sé 15 tonn að þyngd, notuð til þess að flytja farþegaferjuna á og dregin af sérstökum dráttarbil. Tollstjóri úrskurðar skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 að framangreind farþegaferja flokkist í tnr. 8901-1009 og flutningsgrindin flokkist í tnr. 8716-3909.

Ríkistollstjóra var send kærana til umsagnar með bréfi þann 14. júní s.l. Í kröfugerð embættisins sem barst nefndinni þann 3. júlí segir m.a. að telja verði að tollstjóri hafi brotið gegn 3. mgr. 100. gr. tollalaga þar sem hann fór verulega fram úr þeim fresti sem honum er settur til þess að úrskurða um kærana. Það hefur reynt á það fyrir dómstólum hvort ógilda beri úrskurði stjórnvalda sem kveðnir eru upp að liðnum lögmæltum úrskurðarfrestum. Í dómi Hæstaréttar frá 12. mars 1948 (H 1948:179) var tekin afstaða til þess hvort það varðaði ógildingu á úrskurði ríkisskattaneftndar að nefndin kvað ekki upp úrskurð sinn fyrr en að liðnum lögmæltum fresti samkvæmt þágildandi útsvarslögum. Hæstiréttur taldi að umrætt ákvæði útsvarslaganna væri verklagsregla sem sett væri ríkisskattaneftnd, en brot á reglunni ylli ekki ógildingu þess úrskurðar sem nefndin kvað upp. Sambærileg niðurstaða mun hafa verið í dómum héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. mars 1998 í málinu nr. E-5852/1996: Íslenska útvarpsfélagið hf. gegn íslenska ríkinu og 18. nóvember 1994 í málinu E-1739/1994: Eimskipafélag Íslands hf. gegn íslenska ríkinu. Um þetta efni er einnig rétt að vísa til álita umboðsmanns Alþingis frá 27. apríl 1997 í máli nr. 1859/1996. Það verður því ekki talið að það valdi ógildingu á úrskurði tollstjóra þótt dregist hafi fram yfir lögmæltan frest að hann úrskurðaði um kærana.

Með vísan í framantalið og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar krefst ríkistollstjóri að hann verði staðfestur.

Kröfugerð ríkistollstjóra í málinu var send kæranda til umsagnar með bréfi, dags 4. júlí s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 14. s.m. segir m.a. að krafa félagsins hafi verið í tvennu lagi: Í fyrsta lagi hafi verið kærð ákvörðun tollstjóra, dags. 17. apríl 2000, um flokkun skipsins í tollflokk á þeirri formlegu forsendu að 30 daga frestur sýslumanns skv. 3. mgr. 100. gr. tollalaga til þess að úrskurða um kærana hafi verið löngu liðinn og því hafi tollstjóri ekki heimild til þess að breyta tollflokkin skipsins með úrskurði eftir lok úrskurðarfrests. Því standi tollflokkin innflytjanda óbreytt.

Í öðru lagi var ákvörðun tollstjóra kærð á þeirri efnislegu forsendu, ef talið yrði að úrskurðarheimild væri enn fyrir hendi hjá tollstjóra, að skipið er farþegaferja og ber skv. því að falla í tollflokk 8901-1001, ferjur hvers konar.

Ákvæði 3. mgr. 100. gr. geta ekki verið fortakslausari hvað varðar frest tollstjóra til þess að úrskurða um kærur. Kærandi telur tilvitnanir ríkistollstjóra í hæstaréttar- og héraðsdóma og álit umboðsmanns Alþingis ekki eiga við í máli þessu. Eigi tollstjóri að fá rýmri frest til úrskurðar en hinn lögbundna 30 daga hámarksfrest, þarf hann að fá til þess sérstaka heimild.

Í skjali með yfirskriftinni Bindandi upplýsingar um tollflokkin vöru, dags 16. ágúst 1998, (er barst tollstjóra með kærinni þann 16. júlí 1999) kemur fram lýsing á skipinu. Kærandi telur að hér sé um ferju að ræða í venjulegum skilningi þess orðs. Skipið sé í áætlunarsiglingum á milli E og A. Ekki sé þörf á bíla- eða farmflutningum á þeirri leið, en skipið heldur uppi einu áætlunarferðunum milli þessara tveggja staða, og þar með tveggja fjölmennustu ferðamannastaða á Austurlandi, og með því ferðast fjöldi manns. Skipið er ekki sambærilegt við síkjabáta Evrópu, þar sem hér er um ferju með tvö þilför og veitingasal að ræða og siglir skv. áætlun með farþega. Öll svör tolyfirvalda við fyrirspurnum félagsins áður en af innflutningi skipsins varð voru á einn veg að ekki væri lagður tollur á ferjur við innflutning og var skipið aldrei talið vera síkjabátur eða útsýnisskip í þeim viðræðum. Í þeirri vissu var ferjan við innflutning flokkuð af kæranda sem slík í tnr. 8901-1001 þar sem hún á réttlæga heima.

Andmælt er kröfu ríkistollstjóra um staðfestingu úrskurðar tollstjóra og er þess krafist að úrskurði hans verði hrundið og tollflokkin skipsins verði í tnr. 8901-1001.

Ríkistollanefnd hefur farið efnislega yfir málið á fundum sínum, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Aðalkrafa kæranda er að þar sem tollstjóri hafi ekki kveðið upp formlegan úrskurð í málinu, sbr 100. gr. Tollalaga, skuli tollflokkin kæranda skv. Tollskýrslu, dags. 16. júní 1998, standa óbreytt. Það liggur fyrir í málinu að tollstjóri hafnaði tollflokkin kæranda í upphafi. Til að tollafgreiða vöruna greiddi kærandi gjöld miðað við kröfu og tollflokkin tollstjóra. Í kjölfarið krafðist kærandi síðan formlegs úrskurðar um tollflokkinina, og er úrskurður tollstjóra dags. 17. apríl 2000, eða um níu mánuðum frá dagsetningu kæru.

Það er óumdeilt í máli þessu að tollstjóri fór langt út fyrir þá fresti sem honum eru settir í 3. mgr. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ríkistollanefnd ekki fengið fullnægjandi skýringar á þessum langa drætti. Ber að átella þessi vinnubrögð tollstjóra. Það eitt og sér að farið var út fyrir lögmælt tímamörk við að úrskurða í málinu leiðir hins vegar ekki sjálfkrafa til ógildingar á úrskurði tollstjóra. Skal í því sambandi vísað til rökstuðnings ríkistollstjóra, þ.e. annars vegar Hrd. 1948:179, héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-5852/1996: Íslenska útvarpsfélagið gegn íslenska ríkinu, héraðsdóms Reykjavíkur E-1739/1994: Eimskipafélag Íslands hf. gegn íslenska ríkinu og álits umboðsmanns Alþingis frá 27. apríl 1994 nr. 1859/1996. Þá verður ekki séð að þessi dráttur á málinu hafi valdið kæranda tjóni, enda gjöldin þegar greidd með ávísun við afhendingu vörunnar.

Að því er varðar ágreining um uppruna skipsins er óumdeilt að mati ríkistollanefndar að skipið var smíðað í Rússlandi. Því var breytt í Svíþjóð að sögn kæranda áður en það var flutt til Íslands. Sú aðvinnsla breytir ekki þeirri staðreynd að upprunaland skipsins telst Rússland.

Kemur þá til skoðunar tollflokkin hinnar innfluttu vöru. Annars vegar er um að ræða svokallaða flutningsgrind og hins vegar þiljað farþegaskip eða "passengership" eins og segir í háffærisskríteinu. Það er grundvallarregla að við flokkin vara skv. tollskránni skal fylgja "Almennum reglum um túlkun tollskrár". Reglurnar eru sex og skal fara eftir fyrstu reglunni og beita þeim blaðsíða 2/3

síðari og þá í rétttri númeraröð þegar ekki er hægt að flokka vöru eftir fyrri reglum. Fyrsta reglan er svohljóðandi “*Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:.....*”

Við vörulið 8901 er eftirfarandi skipting” – *Skemmtiferðarskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutnings á mönnum; ferjur hvers konar:*” Það er mat nefndarmanna eftir að hafa skoðað skipið að skip það sem hér er deilt um tollflokkun á sé fyrst og fremst ætlað til flutnings á mönnum. Í haffærisskírteini kemur fram að skipið hefur leyfi til flutnings á allt að 110 manns í ferð og í upplýsingum er fylgdu kærinni kemur fram að erlendis var skipið skráð til að taka allt að 425 farþega. Því ber að mati nefndarmanna að tollflokka skipið í tnr. 8901.1009.

Að því er varðar svokallaða flutningsgrind telur kærandi að flokka beri hana sem slipp fyrir skipið. Með vísan til áðurnefndrar túlkunarreglu, svo og orðalags í vörulið 8716 í 87. kafla tollskrárinnar er það mat ríkistollanefndar að tollflokka beri flutningsgrindina í tnr. 8716.3909.

Með vísan til framanritaðs kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, er hinn kærði úrskurður tollstjóra frá 17. apríl s.l. staðfestur.